



Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.

Reykjanesbær 29 apríl 2022

48 Aðalfundur Meistarafélags byggingamanna Suðurnesjum.

Haldinn kl 18:00 á Hótel Keflavík 230 Reykjanesbær.

1. Formaður setur fundinn.

Tillaga er um að Ari Einarsson riti fundinn, það er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Fundar stjórn.

Formaður kemur með tillögu um að formaður verði sjálfur fundarstjóri og er það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Formaður fer yfir fundarboðun aðalfundar og lýsir því yfir að hún hafi verið samkvæmt lögum félagsins og tel því þessi aðalfundur réttmætur.

Á aðalfund eru mættir Rúnar Helgasson, Magnús Guðmundsson, Stefán Einarsson, Ari Einarsson, Halldór Karlsson, Bjarki Ásgeirsson, Benjamín Guðmundsson, Lúðvík Gunnarsson, Gunnar Valdimarsson, Áskell Agnarsson, Agnar Áskelsson og Grétar I Guðlaugsson.

3. Kynning á nýjum félögum.

Einn félagi hefur sótt um inngöngu í félagið og er það Magnús Guðmundsson og er hann samþykktur í félagið, einn hefur sagt sig úr félaginu á starfsárinu og er það Þorsteinn Einarsson og einn félagi er ekki að greiða gjöld sökum veikinda.

4. Störf stjórnar.

Formaður fer yfir störf stjórnar síðasta ári, en einungis 2 stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu.

Engir súpufundir hafa verið haldnir á árinu.

MSI hefur haldið reglulega fundi og hafa ýmis mál verið á borðinu þar, en þar ber helst að nefna eru menntamál, breyting á iðnaðarlöggjöfinni sem verið er að reyna að koma áfram og hert löggjöf vegna atvinnu ófag lærðra, breytingar á byggingareglugerð, gæðakerfi svo eitthvað sé nefnt.

SAR hefur einnig verið að funda reglulega og eru þar oftast en ekki mál sem varðar okkur öll hér á svæðinu til umfjöllunar eins og rafmagnsmál, Reykjanesbrautin og núna síðast heilbrigðismálin, en margir fundir eru boðaðir með stjórn SAR og þingmanna kjördæmisins og eru flesti þingmenn duglegir við að mæta á þá.



Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.

5. Skýrsla nefnda.

Engin nefnd var að störfum þetta árið.

6. Endurskoðun reikningar.

Reikningar félagsins voru lagðir fram og voru tekjur þess 1.432.926 kr og rekstrarkostnaður 3.372.266 kr alls tap með tilliti til Fjármagnskostnaðar eru -1.929.826 kr. og eignir félagsins alls 14.020.002 kr. Miklar umræður voru um stöðuna á félaginu en engar litlar leigutekjur voru á árinu og endurbætur á húsnæðinu talsverðar, lýsing innan, málun innan og utan merkingar á flóttaleiðum og fl. Félagsmenn voru sáttir og voru reikningar félagsins samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. lagabreytingar.

Ein breyting var samþykkt á fundinum og hafði hún verið kynnt félagsmönnum á löglegan hátt og er breytingin á 6.gr svo hljóðandi eftir samþykkt.

6.gr.

Heimilt er að segja sig úr félaginu með skriflegri tilkynningu, til félagsins, með sex mánaða fyrirvara. Þó má hvorki segja sig úr félaginu né fara úr því, meðan vinnudeila, sem snertir félagið eða félagsmanninn, stendur.

Þeir sem segja sig úr félaginu eiga ekki kröfur til neins endurgjalds á framlögum sínum til meistarafélagsins né nokkurs hluta af eignum þess.

8 Kosninga í stjórn félagsins.

Núverandi stjórnarmenn sem kosið er um eftir eitt ár og sitja því áfram eru Formaður: Grétar I Guðlaugsson, Ritari. Bjarki Ásgeirsson vararitari. Áskell Agnarsson, en næst verður kosið um þá 2024.

Tillaga stjórnar að varaformanni er Rúnar Helgasson og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Varamenn í stjórn

Tillaga um varamenn kom frá stjórn um eftirfarandi aðila.

Alexander Ragnarsson.

Halldór Karlsson

Agnar Áskelsson

Til 1. Árs í senn og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga stjórnar um kosningu á skoðunarmönnum til 1. Árs er

Lúðvík Gunnarsson.

Benjamín Guðmundsson.

til vara Stefán Einarsson. Og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.



Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.

9. Kosningar í nefndir.

Ein nefnd er starfandi hjá félaginu um þessar mundir og er það verðskrárnefnd og var tillaga stjórnar um að Rúnar Helgasson yrði fulltrúi MBS í henni og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Ársgjald og inntökugjald.

Tillaga stjórnar er um að hafa árgjaldið óbreytt sem er kr 42.000 og einungis og hefð hefur verið fyrir ekkert inntökugjald og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Önnur mál.

Formaður lagði til fundarröð á komandi ári og var hún samþykkt og formanni falið að setja hana á vefinn og senda fundarboð á alla félagsmenn.

Formaður setti fram spurningu um hvort ekki væri rétt að selja fasteign félagsins eftir miklar umræður var það samþykkt og stjórn falið að kanna möguleika á að leigja áfram og eða selja með fyrirvara um að félagsfundur samþykki sölu ef af verður með hagsmuni félagsins að leiðarljósi.

Formaður fór yfir stöðuna heilt yfir hvað stjórn varðar og leggur til að það verði smá saman skipt út allri stjórn félagsins en hann hyggst ekki gefa kost á sé á næsta ári.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 19:30.

Sign

Ari Einarsson.